

1873.

7. nóvbr.

92. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um fjárhagsáætlun fyrir Ísland á árinu 1874 og um skólaskýrslur.

Útaf uppástungu þeirri um fjárhag hins lærða skóla og prestaskólans á árinu 1874, sem barst hingað með bræfi yðar 26. ágúst þ. á., gefst yður til vitundar, eftir að áætlun um tekjur og útgjöld Íslands á fyrnefndu ári er staðfest með konungsúrskurði 31. f. m., yður til leiðbeiningar og til þess þér birtu það, að stjórnarráðið hefir ekki fundið ástæðu til, að koma því til leiðar, að öðrum kennara við prestaskólann verði veitt 400 rd. launaviðbót, eins og stungið er uppá, eða setja umsjónarmann við tæðan skóla, með því veitt er fæ til þess að hafa við umsjón með skólahúsinu, og varð heldur ekki tekin til greina bænarskrá frá umsjónarmanninum við hinn lærða skóla um launaviðbót.

Útaf uppástungu þeirri frá hinum setta skólameistara við hinn lærða skóla, sem þér hafið mælt fram með, að skólaskýrslur að eins verði gefnar út á Íslenzku, í stað að þær áður hafa komið út á Íslenzku með útleggingu á Dönsku, skal því við bætt, að stjórnarráðið, eftir að það hefir leitað álits kennslustjórans við hina lærðu skóla, hefir ekki neitt á móti því, að skólaskýrslurnar eptirleiðis eingöngu verði prentaðar á Íslenzku.

8. nóvbr.

93. Bréf dómsmálastjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um skil fyrir sýslugjöldum.

Þótt svo sè fyrir mælt í reglugjörð, sem hefir inni að halda nákvæmari ákvarðanir um opinber reikningsskil og heimtingu opinberra gjalda á Íslandi 13. febr. 1873, 3. gr., sbr. bréf innanríkisstjórnarinnar 13. janúar 1854¹ og bréf dómsmálastjórnar-

¹) Lovsamling for Island, XV., 558.

innar 5. júlí 1861¹, að sérhverri þeirri upphæð, sem borguð er í jarðabókarsjóðinn eða í aðalféhirzluna, skuli fylgja bréf, og skuli í því telja upp og skýra frá, hverjar tekjugreindir í hlutaðeiganda reikningi sé ætlað til að verði borgaðar með þeirri upphæð, sem send er, kemur það opt fyrir, að sýslumenn senda hingað ávísanir til þess að borga sýslutekjur, án þess að gæta þessarar ákvörðunar; stjórnarráðið mælist því til, að þær, herra landshöfðingi, alvarlega brýnið fyrir sýslumönnum, að hlýða þessu boði, og gefa þeim til kynna, að sektir liggi við ef brotið sé gegn því.

Til samlags við þetta mælumst vör til, að öllum gjaldheimtumönnum verði lagt fyrir, að fylgja nákvæmlega reglunum í bréfum stjórnarráðsins 13. apríl 1864 og 5. maí 1866², sbr. fyrnefnda reglugjörð, 4. gr. 2. málsgrein, um það, hvernig þær ávísanir skuli lagaðar, sem sendar eru hingað til lukningar opinberra gjalda, og skal þeim tilkynnt, að stjórnarráðið eptirleiðis taki ekki á móti ávisunum, sem eigi sé komið fyrir samkvæmt fyrnefndum ákvörðunum.

1873.

8. nóvbr.

94. Bréf dómsmálastjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um hald á skipi.

19. desbr.

Með bréfi, dagsettu 16. októbr. þ. á. hafið þær, herra landshöfðingi, sent hingað álit frá amtmanninum yfir norður- og austurumdæminu og sýslumanninum í Húnavatnssýslu um kæruskjal nokkurt, þar sem skipstjórnarmaður *S. J. Nielsen* frá Kaupmannahöfn hefir skýrt svo frá, að haustið 1872 hafi þræta orðið milli sín og formanns Helga Helgasonar, og hafi hann hrundið honum, svo hann féll; þær hann sig nú upp undan því, að Arni hreppstjóri Jónsson á Þverá hafi útaf þessu bannað sér,

¹) Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands, I., 492.

²) Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands, II., 31 og 337.